



Skóla- og frístundaráð

Loftgæðamælingar í öllum skólum borgarinnar - Tilvísun í mál SFS2019110079.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 12. nóvember 2019 lögðu skóla- og frístundafulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

"Lagt er til að farið verði í loftgæðamælingar í öllum skólum borgarinnar í ljósi þeirra tilfella sem komið hafa upp að undanfögnu í Hagaskóla og Laugarnesskóla. Þar mældist styrkur koltvísýrings of hár með þeim afleiðingum að nemendur fundu fyrir óþægindum s.s. slappleika og höfuðverk."

Umsögn:

Unnið er að því að reyna að finna lausnir á loftskiptum í kennslustofum eldri skóla þar sem ekki er loftræsikerfi til staðar. Í byrjun árs 2020 var boðin út ástandsúttekt í öllum grunnskólum, leikskólum og frístunda- og félagsmiðstöðum. Í þeirri úttekt gert ráð fyrir að meta loftgæði með loftmagnsmælingum en þegar meta á loftgæði þarf fyrst að gera grein fyrir hvernig loftskiptum er háttáð. Er vélrænt loftræsikerfi til staðar eða er loftræst í gegnum opnanleg gluggafög sem dæmi.

Almennt uppfyllir loftræsing um opnanleg fög ekki nýjustu byggingareglugerðina og því hefur verið og brýnt hefur verið fyrir skólastjórnendum að opna vel glugga í frímínútum þannig að endurnýjun lofts verði sem mest. Nemendafjöldi í hverri stofu mikil áhrif á loftgæði. Í framhaldi á úttekt verður farið í sértækar lausnir fyrir hvern skóla fyrir sig eftir því sem nauðsyn er. Rétt er að geta þess þegar margir af eldri skólunum voru byggðir var gert ráð fyrir að loftskipti kæmu með loftun undir hurðir í skólastofum fram á gang. En eftir að brunareglugerð var breytt og hver kennslustofa gerða að sér brunahólfi þá er sá loftunarmöguleiki úr sögunni.

Agnar Guðlaugsson,
skrifstofu framkvæmda og viðhalds